

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 752/2007 um úttektir á öryggi loftfara með síðari breytingum.

1. gr.

Viðauki við reglugerð þessa skal koma í stað viðauka III við reglugerð nr. 752/2007 með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist nýr stafliður, sem orðast svo:

- d. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 16. apríl 2008 um breytingu á viðauka II við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar viðmiðanir fyrir framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1, um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr., 27. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og 12. gr. laga um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 12. ágúst 2009.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI

III. VIÐAUKI

Handbók um verklagsreglur Bandalagsins fyrir skoðun á hlaði við öryggis skoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðanir) — meginþættir**1. ALMENN FYRIRMÆLI**

- 1.1. SAFA-skoðanir á hlaði skulu framkvæmdar af skoðunarmönnum sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu sem hæfir því sviði skoðunar þar sem tæknipekking og þekking á lofthæfi og starfrækslu verður að vera fyrir hendi ef sannprófa á öll atriði á gátlistanum. Ef tveir eða fleiri skoðunarmenn framkvæma skoðun á hlaði er heimilt að skipta meginþáttum skoðunarinnar – sjónrænni skoðun á loftfarinu að utanverðu, skoðun á stjórnklefa og skoðun á farþegarymi og/éða farmrymi – á milli skoðunarmannanna.
- 1.2. Skoðunarmenn verða að gera grein fyrir sér gagnvart flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, gagnvart flugliða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans áður en sá hluti skoðunarinnar sem fram fer um borð hefst. Ef ekki er mögulegt að tilkynna fulltrúa flugrekandans um skoðun eða ef enginn slíkur fulltrúi er í loftfarinu eða nálægt því skal meginreglan vera sú að framkvæma ekki SAFA-skoðun á hlaði. Við sérstakar aðstæður er heimilt að ákveða að framkvæma SAFA-skoðun á hlaði en hún skal takmarkast við sjónræna skoðun á loftfarinu að utanverðu.
- 1.3. Skoðunin skal vera eins yfirgripsmikil og mögulegt er innan þess tíma og miðað við þau úrræði sem eru fyrir hendi. Þetta þýðir að ef einungis takmarkaður tími og úrræði eru fyrir hendi er heimilt að sannprófa ekki öll skoðunatriðin heldur takmarkaðan fjölda þeirra. Í samræmi við fyrirbyggjandi tíma og úrræði fyrir SAFA-skoðun á hlaði skulu atriðin, sem á að skoða, valin samkvæmt því og í samræmi við markmið SAFA-áætlunar Bandalagsins.
- 1.4. Skoðun á hlaði skal ekki valda því að brottför loftfars, sem er til skoðunar, tefjist óeðlilega. Hugsanlegar ástæður fyrir töfum kunna að vera en eru ekki takmarkaðar við vafa um að flugundirbúningur hafi verið réttur, um lofthæfi loftfarsins eða önnur atriði sem tengjast beint öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru.

2. RÉTTINDI OG HÆFI SKOÐUNARMANNA

- 2.1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með 1. janúar 2009 skuli allar SAFA-skoðanir á hlaði á yfirráðasvæði þeirra framkvæmdar af skoðunarmönnum sem hafa réttindi og hæfi.
- 2.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skoðunarmenn þeirra uppfylli viðmiðanirnar um réttindi og hæfi eins og kveðið er á um hér að neðan.

2.3. *Viðmiðanir um réttindi og hæfi*2.3.1. *Hæfisviðmiðanir*

Forsenda fyrir því að teljast hæfur til að hljóta réttindi er sú, að aðildarríkin sjái til þess að umsækjendur um réttindi sem SAFA-skoðunarmenn búi yfir nauðsynlegri flugtæknilegri menntun og/éða hagnýtri þekkingu á þessu sviði eða sviðum skoðunar, þ.e.:

- a) starfrækslu loftfars,
- b) skirteinis starfsfólks,
- c) lofthæfi loftfars,
- d) hættulegs varnings.

2.3.2. *Þjálfunarmarkröfur*

Áður en umsækjendur hljóta réttindi skulu þeir hafa lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfun sem samanstendur af:

- fræðilegri kennslu sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4,
- verklegri þjálfun sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4 eða yfirskoðunarmaður, sem tilnefndur er af aðildarríki, veitir, eins og kveðið er á um í lið 2.5 og sem starfar óháður SAFA-fyrirtæki sem sér um þjálfun,
- þjálfun á vinnustað: sem yfirskoðunarmaður, sem tilnefndur er af aðildarríki, eins og kveðið er á um í lið 2.5, veitir í röð skoðana.

2.3.3. Kröfur um að viðhalda gildi réttinda og hæfis

Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar skoðunarmenn hafa hlotið réttindin viðhaldi þeir gildi réttinda sinna og hæfis:

a) með því að gangast undir reglubundna þjálfun

— sem skal samanstanda af fræðilegri kennslu sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4,

b) með því að framkvæma lágmarksfjölda skoðana á hlaði á hverju 12 mánaða tímabili frá því að þeir fengu síðast SAFA-þjálfun nema skoðunarmennirnir séu einnig með réttindi sem flugrekstrar- eða lofthæfisskoðunarmenn flugmálayfirvalda aðildarríkis og sjái reglulega um framkvæmd skoðana á loftförum flugrekenda sinna.**2.3.4. Leiðbeiningar**

Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta, eigi síðar en 30. september 2008, ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd liða 2.3.1, 2.3.2 og 2.3.3.

2.4. SAFA-fyrirtæki sem sér um þjálfun**2.4.1. SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, getur verið hluti af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða fyrirtæki þriðja aðila.**

Fyrirtæki þriðja aðila getur verið:

— hluti af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis,

— óháður aðili.

2.4.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjálfunarnámskeiðin sem um getur í lið 2.3.2 og a-lið liðar 2.3.3 og flugmálayfirvöld þeirra annast, fari fram að lágmarki í samræmi við viðeigandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.**2.4.3. Aðildarríki sem ráða fyrirtæki þriðja aðila til þjálfunar í tengslum við öryggissskoðun erlendra loftfara skulu koma á kerfi til að meta slík fyrirtæki. Kerfið skal vera einfalt, gagnsætt og í réttu hlutfalli við viðfangsefnið og taka tillit til viðkomandi leiðbeininga sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt. Slíkt kerfi getur tekið tillit til mats sem önnur aðildarríki framkvæma.****2.4.4. Einungis er heimilt að nota þjálfunarfyrirtæki þriðja aðila ef matið sýnir að þjálfun verður veitt í samræmi við viðeigandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.****2.4.5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjálfunaráætlunum lögbærra yfirvalda þeirra og/eða kerfum þeirra til að meta fyrirtæki þriðja aðila sem sjá um þjálfun sé breytt þannig að þau endurspegli öll tilmæli sem koma fram við stöðlunarúttektir sem framkvæmdar eru á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við starfsaðferðirnar sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 ⁽¹⁾.****2.4.6. Aðildarríki er heimilt að óska eftir því að Flugöryggisstofnun Evrópu meti fyrirtækið sem sér um þjálfun og gefi út ráðleggingar sem aðildarríkið geti byggt sitt eigið mat á.****2.4.7. Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd þessa liðar eigi síðar en 30. september 2008.****2.5. Yfirskoðunarmenn****2.5.1. Aðildarríki er heimilt að tilnefna yfirskoðunarmenn, að því tilskildu að þeir uppfylli viðkomandi viðmiðanir um réttindi og hæfi sem það aðildarríki setur.****2.5.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðmiðanirnar, sem um getur í lið 2.5.1, feli a.m.k. í sér eftirfarandi kröfur þar sem hinn tilnefndi:**

— hafi verið með réttindi sem SAFA-skoðunarmaður á þriggja ára tímabili áður en hann var tilnefndur,

— hafi framkvæmt a.m.k. 36 SAFA-skoðanir á þriggja ára tímabilinu áður en hann var tilnefndur.

- 2.5.3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að verkleg þjálfun og/eða þjálfun á vinnustað, sem yfirskoðunarmenn þeirra veita, sé byggð á viðkomandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.
- 2.5.4. Aðildarríkjum er einnig heimilt að fela yfirskoðunarmönnum sínum að veita starfsmenum frá öðrum aðildarríkjum verklega þjálfun og/eða þjálfun á vinnustað.
- Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd þessa liðar eigi síðar en 30. september 2008.
- 2.6. **Aðlögunarráðstafanir**
- 2.6.1. SAFA-skoðunarmenn, sem uppfylla hæfisviðmiðanirnar sem um getur í lið 2.3.1 sem og viðmiðanir um nýlega reynslu sem um getur í b-lið liðar 2.3.3 þann dag sem ákveðinn er skv. 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB, skulu teljast hæfir sem skoðunarmenn í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.
- 2.6.2. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar liðar 2.3.3 skulu skoðunarmenn, sem teljast hæfir í samræmi við lið 2.6.1, fá reglubundna þjálfun, sem SAFA fyrirtæki sem veitir þjálfun veitir að staðaldri, eigi síðar en 1. júlí 2010 og eftir það eins og kveðið er á um í a-lið liðar 2.3.3.
3. **STAÐLAR**
- 3.1. Staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópu eru sú grunnviðmiðun sem notuð er við skoðun á flugrekanda og loftfari innan SAFA-áætlunar Bandalagsins. Þegar tæknilegt ástand loftfars er skoðað skal auk þess athuga það í samanburði við staðla framleiðanda loftfarsins.
4. **SKOÐUNARFERLI**
- Atriði á gátlista**
- 4.1. Atriðin, sem á að skoða, verða valin úr þeim sem tilgreind eru á gátlistanum í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði sem inniheldur í heild 54 atriði (sjá 1. fylgiskjal).
- 4.2. Skoðunin og niðurstöður hennar, ef einhverjar eru, verða að endurspeglast í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði að skoðun lokinni.
- Nákvæmar leiðbeiningar um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)**
- 4.3. Fyrir hvert skoðunatriði á gátlistanum í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði verður útbúin nákvæm lýsing þar sem tilgreint er umfang og aðferð skoðunarinnar. Auk þess verður vísað í viðeigandi kröfur í ICAO-viðaukunum. Þetta verður þróað og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu og breytt, eftir því sem nauðsynlegt er, til að endurspeglar nýjustu, gildandi staðla.
- Skráning skýrslna í miðlægan SAFA-gagnagrunn**
- 4.4. Skýrsla um skoðunina skal færð inn í miðlægan SAFA-gagnagrunn, eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en 15 vinnudögum eftir skoðunardaginn, jafnvel þótt ekki hafi verið bent á neinar niðurstöður.
5. **FLOKKUN Á NIÐURSTÖÐUM**
- 5.1. Fyrir hvert skoðunatriði eru skilgreindir þrjú flokkar mögulegra frávik frá viðeigandi stöðlum, sem settir eru samkvæmt lið 3.1, sem niðurstöður. Slíkar niðurstöður verða flokkaðar á eftirfarandi hátt:
- niðurstaða í 1. flokki telst hafa minni háttar áhrif á öryggi.
 - niðurstaða í 2. flokki kann að hafa veruleg áhrif á öryggi og
 - niðurstaða í 3. flokki kann að hafa stórvægileg áhrif á öryggi.
- 5.2. Fyrirmæli um flokkun niðurstaðna verða þróað og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu og breytt, eftir því sem nauðsynlegt er, til að endurspeglar viðeigandi framfarir á sviði vísinda og tækni.

6. **EFTIRFYLGNIAÐGERÐIR SEM GRÍPA SKAL TIL**

- 6.1. Með fyrirvara um lið 1.2 skal staðfesting á skoðun, sem felur a.m.k. í sér þau atriði sem sett eru fram í 2. viðbæti, fyllt út og afrit afhent flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, flugliða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans, sem er staðsettur í eða við loftfarið, að SAFA-skoðun lokinni. Óska skal eftir undirritaðri viðurkenningu á móttöku staðfestingar á skoðun frá viðtakanda sem skoðunarmaður heldur eftir. Ef viðtakandi neitar að undirrita skal skrá það í skjalið. Viðeigandi, nákvæm fyrirmæli verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- 6.2. Á grundvelli þess hvernig niðurstöður hafa verið flokkaðar hafa tilteknar eftirfylgniaðgerðir verið skilgreindar. Tengsli milli flokks niðurstaðna og aðgerðanna, sem á að grípa til, er að finna í aðgerðarflokkunum og verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- 6.3. Aðgerð skv. 1. flokki: Þessi aðgerð felur í sér að veita flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, öðrum flugliða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans, sem er á staðnum, upplýsingar um niðurstöður SAFA-skoðunar á hlaði. Þessi aðgerð felur í sér munnlega tilkynningu og afhendingu á staðfestingu á skoðun. Grípa skal til aðgerðar skv. 1. flokki eftir hverja skoðun, án tillits til þess hvort niðurstöður hafi fengist eða ekki.
- 6.4. Aðgerð skv. 2. flokki: Þessi aðgerð felur í sér:

- 1) skriflega orðsendingu til hlutaðeigandi flugrekanda þar sem fram kemur ósk um sönnun um aðgerðir til úrbóta, sem teknar hafa verið, og
- 2) skriflega orðsendingu til ríkisins sem ber ábyrgð (ríki flugrekanda og/eða skráningarríki) sem fjallar um niðurstöður skoðana sem framkvæmdar voru á loftförum sem starfrækt voru undir öryggisfirliti viðkomandi ríkis. Í orðsendingunni skal, eftir því sem við á, vera að finna beiðni um staðfestingu á því að þau séu ánægð með aðgerðir til úrbóta sem gripið var til skv. 1. lið.

Aðildarríkin skulu láta Flugöryggisstofnun Evrópu í té mánaðarlega skýrslu um stöðu eftirfylgniaðgerðar sem þau hafa gripið til í kjölfar skoðana á hlaði.

Grípa skal til aðgerða skv. 2. flokki að skoðunum loknum þar sem niðurstöður í 2. eða 3. flokki hafa komið fram.

Viðeigandi, nákvæm fyrirmæli verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.

- 6.5. Aðgerðir skv. 3. flokki: Grípa skal til aðgerða skv. 3. flokki að skoðun lokinni þar sem niðurstöður í 3. flokki hafa komið fram. Sökum þess hversu mikilvægar niðurstöður í 3. flokki eru, með tilliti til mögulegra áhrifa þeirra á öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru, hafa eftirfarandi undirflokkar verið skilgreindir:

- 1) Flokkur 3a — Takmörkun á starfrækslu loftfars: Lögbæra yfirvaldið, sem framkvæmir skoðanir á hlaði, kemst að þeirri niðurstöðu að í kjölfar þeirra frávíka sem fundust í skoðuninni megi loftfarið einungis fljúga brott með tilteknum takmörkunum.
- 2) Flokkur 3b — Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð: Við skoðun á hlaði fundust frávik sem krefjast aðgerða til úrbóta áður en fyrirhugað flug má eiga sér stað.
- 3) Flokkur 3c — Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina: Loftfar er sett í flugbann í því tilviki þegar lögbært yfirvald, sem annast skoðun á hlaði, hefur sannreynt niðurstöðurnar sem komu í ljós í 3. flokki en er ekki sannfært um að flugrekandinn muni gera aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á annmörkum fyrir brottför flugsins og muni þar með stofna öryggi loftfarsins, og þeirra sem í því eru, í bráða hættu. Í slíkum tilvikum skulu flugmálayfirvöld aðildarríkisins, sem annast skoðun á hlaði, setja loftfarið í flugbann þar til hættan er yfirstaðin og skulu án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðkomandi flugrekanda og skráningarríki loftfarsins.

Aðgerðir, sem gripið er til skv. 2. og 3. lið, geta einnig tekið til óarðbærs staðsetningarflugs til viðhaldsstöðvar.

- 4) Flokkur 3d — Tafarlaust flugrekstrarbann: Aðildarríki er heimilt að bregðast við bráðri og augljósri hættu með því að setja á flugrekstrarbann eins og kveðið er á um í gildandi landslögum og lögum Bandalagsins.

1. viðbætur

SAFA-skýrsla um skoðun á hlaði



Flugmálastjórn Íslands

Ísland

Öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)

Skýrsla um skoðun á hlaði

Nr. _____

Heimild:	Skoðun á hlaði		
Dagsetning:	_____	Staður:	_____
Staðartími:	_____		
Flugrekandi:	_____	Númer flugrekandaskírteinis:	_____
Ríki:	_____	Tegund starfrækslu:	_____
Flugleið frá:	_____	Flugnúmer:	_____
Flugleið til:	_____	Flugnúmer:	_____
Leigt af flugrekanda*:	_____	Ríki leigutaka*:	_____
<i>*(þar sem við á)</i>			

Tegund loftfars: :	_____	Skrásetningamerki:	_____
Útfærsla loftfars:	_____	Smiðanúmer:	_____
Flugáhöfn: Ríki sem gefur út skírteini:	_____		
annað ríki sem gefur út skírteini*:	_____		
<i>*(þar sem við á)</i>			

Niðurstöður:

Kóði/staðall/tilvisun/flokkur/niðurstaða	Nákvæm lýsing:
_____
_____
_____
_____

Flokkar aðgerða sem gripið er til:	Nákvæm lýsing:
<input type="checkbox"/> 3d — Tafari laust flugrekstrarbann
<input type="checkbox"/> 3c Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina
<input type="checkbox"/> 3b Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð:
<input type="checkbox"/> 3a Takmörkun á starfrækslu loftfars:
<input type="checkbox"/> 2 Upplýsingar fyrir flugmálayfirvöld og flugrekanda
<input type="checkbox"/> 1 Upplýsingar fyrir flugstjóra

Viðbótarupplýsingar (ef einhverjar eru)

Nöfn eða númer skoðunarmanna:

— Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug.

— Gögn, sem lögð eru fram í þessari skýrslu, geta breyst vegna lagfæringar á orðalagi þegar þau eru færð inn í SAFA-gagnagrunninn.

Flugmálastjórn Íslands


Kóði atriðis	Skóðað	Athugasemd
A. Stjórnklefi		
Almennt		
1. Almenn ástand	1 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>
2. Neyðarútgangur	2 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>
3. Búnaður	3 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>
Skjöl		
4. Handbækur	4 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>
5. Gátlistar	5 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
6. Kort yfir fjarleiðsögu	6 <input type="checkbox"/>	6 <input type="checkbox"/>
7. Listi yfir lágmarksbúnað	7 <input type="checkbox"/>	7 <input type="checkbox"/>
8. Skráningarvottorð	8 <input type="checkbox"/>	8 <input type="checkbox"/>
9. Hjóðstigsvottorð (ef við á)	9 <input type="checkbox"/>	9 <input type="checkbox"/>
10. Flugrekandaskírteini eða sambærilegt	10 <input type="checkbox"/>	10 <input type="checkbox"/>
11. Talstöðvarskírteini	11 <input type="checkbox"/>	11 <input type="checkbox"/>
12. Lofthæfivottorð	12 <input type="checkbox"/>	12 <input type="checkbox"/>
Fluggögn		
13. Undirbúningur flugs	13 <input type="checkbox"/>	13 <input type="checkbox"/>
14. Hleðslu- og jafnvægissskrá	14 <input type="checkbox"/>	14 <input type="checkbox"/>
Öryggisbúnaður		
15. Handslökkvitæki	15 <input type="checkbox"/>	15 <input type="checkbox"/>
16. Björgunarvesti/flotbúnaður	16 <input type="checkbox"/>	16 <input type="checkbox"/>
17. Tygi	17 <input type="checkbox"/>	17 <input type="checkbox"/>
18. Súrefnistæki	18 <input type="checkbox"/>	18 <input type="checkbox"/>
19. Vasaljós	19 <input type="checkbox"/>	19 <input type="checkbox"/>
Flugáhöfn		
20. Flugliðaskírteini	20 <input type="checkbox"/>	20 <input type="checkbox"/>
Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt		
21. Leiðarflugbók eða sambærilegt	21 <input type="checkbox"/>	21 <input type="checkbox"/>
22. Viðhaldsvottorð	22 <input type="checkbox"/>	22 <input type="checkbox"/>
23. Tilkynning og viðgerð bilana (þ.m.t. tækniflugbók)	23 <input type="checkbox"/>	23 <input type="checkbox"/>
24. Fyrirflugsskoðun	24 <input type="checkbox"/>	24 <input type="checkbox"/>
B. Öryggi/farþegarými		
1. Almenn innra ástand	1 <input type="checkbox"/>	1 <input type="checkbox"/>
2. Sæti öryggis- og þjónustuliða og hvíldarsvæði áhafnar	2 <input type="checkbox"/>	2 <input type="checkbox"/>
3. Sjúkrakassi/læknataska	3 <input type="checkbox"/>	3 <input type="checkbox"/>
4. Handslökkvitæki	4 <input type="checkbox"/>	4 <input type="checkbox"/>
5. Björgunarvesti/flotbúnaður	5 <input type="checkbox"/>	5 <input type="checkbox"/>
6. Öryggisbelti og ástand sæta	6 <input type="checkbox"/>	6 <input type="checkbox"/>
7. Neyðarútgangur, ljósabúnaður og merkingar, handluktir	7 <input type="checkbox"/>	7 <input type="checkbox"/>
8. Rennibrautir/björgunarbátar (eftir þörfum), neyðarsendir (ELT)	8 <input type="checkbox"/>	8 <input type="checkbox"/>
9. Súrefnisbirgðir (öryggis- og þjónustuliðar og farþegar)	9 <input type="checkbox"/>	9 <input type="checkbox"/>
10. Öryggisleiðbeiningar	10 <input type="checkbox"/>	10 <input type="checkbox"/>
11. Öryggis- og þjónustuliðar	11 <input type="checkbox"/>	11 <input type="checkbox"/>
12. Aðgangur að neyðarútgöngum	12 <input type="checkbox"/>	12 <input type="checkbox"/>
13. Öryggi farangurs farþega	13 <input type="checkbox"/>	13 <input type="checkbox"/>
14. Sætaframboð	14 <input type="checkbox"/>	14 <input type="checkbox"/>

Kóði atriðis	Skoðað	Athugasemd
C. Ástand lofffars		
Almennt		
1. Almennt ástand	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Hurðir og lúgur	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Stýri	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>
4. Hjól, hjólbarðar og hemlar	4 <input type="text"/>	4 <input type="text"/>
5. Lendingarbúnaður, meiðar/flotholt	5 <input type="text"/>	5 <input type="text"/>
6. Hjólahólf	6 <input type="text"/>	6 <input type="text"/>
7. Fullbúinn hreyfill og stöpull	7 <input type="text"/>	7 <input type="text"/>
8. Blásarablöð	8 <input type="text"/>	8 <input type="text"/>
9. Loftskrúfur, þylar (aðal og stél)	9 <input type="text"/>	9 <input type="text"/>
10. Augljósar viðgerðir	10 <input type="text"/>	10 <input type="text"/>
11. Augljósar óviðgerðar skemmdir	11 <input type="text"/>	11 <input type="text"/>
12. Leki	12 <input type="text"/>	12 <input type="text"/>
D. Farmur		
1. Almennt ástand farmrýmis	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>
2. Hættulegur varningur	2 <input type="text"/>	2 <input type="text"/>
3. Öryggi farms um borð	3 <input type="text"/>	3 <input type="text"/>
E. Almennt		
1. Almennt	1 <input type="text"/>	1 <input type="text"/>

2. viðbætur

Eyðublað fyrir staðfestingu á skoðun

Staðfesting á skoðun					
Dagsetning:		Tími		Staður:	
Flugrekandi:			Ríki:	Númer flugrekandaskirteinis:	
Flugleið frá:		Flugnr.:		Flugleiðanr.:	Flugnr.:
Tegund flugs:	Leigt af flugrekanda:		Tegund loftfars:	Útfærsla loftfars:	
Ríki leigutaka:			Skrásetningamerki:	Smíðanr.:	
Ríki sem gefur/gefa út flugliðaskirteini:		Staðfesting á móttöku (*)			
		Nafn:		Undirskrift:	
		Starfsheiti:	



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 569 4100
Fax: 562 3619
www.caa.is

Skoðað Athugasemd			Skoðað Athugasemd			Skoðað Athugasemd																																																																																																																																																																																																																																																																																																																																									
